



Glæsisnekkja í eigu rússneska milljarðamæringins Andreys Melnichenkó sigldi til hafnar á Akureyri í gærkvöldi. Nafn snekkjunnar er A og var henni hleypt af stokkunum árið 2015 og er hún talin stærsta seglskúta í einkaeigu sem knúin er jafnframt með mótör. Hún var smíðuð af þýsku skipasmíðastöðinni Kobiskrug í Kiel. Ytra borð hennar er hannað af Doelker + Voges, franska arkitektinum Jacques Garcia og hinum heimsfræga franska hönnuði Philippe Starck, sem einnig hannaði glæsifleyið að innan. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Vill auka aðgang aðstandenda að rannsóknum dauðsfalla

Þegar andlát er til rannsóknar hjá lögregluembættum fá aðstandendur hins látna oft litlar sem engar upplýsingar um framgang rannsókna. Þetta er mat dómsmálaráðherra. Hún hefur lagt fram frumvarp til að bæta upplýsingaflæði til þeirra auk möguleika á tilnefningu réttargæslumanns fyrir aðstandendur.

LÖGREGLUMÁL Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra vill tryggja aðstandendum þeirra sem látast með hætti sem kallar á rannsókn lögreglu, aukinn aðgang að upplýsingum um framgang rannsóknarinnar. Hún mælti fyrir frumvarpi sem tryggja á aðstandendum aukinn rétt í þessa veru, fyrir í vikunni. „Aðstandendur hafa kallað



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra

eftir að geta fylgst betur með málum, sérstaklega þegar verið er að rannsaka hvernig andlátið hafi borið

að,” segir Áslaug Arna og nefnir sem dæmi að það hafi ekki verið neinn fyrirsvarsmáður látins brotþola til þessa svo dæmi sé tekið.

„Ég hef heyrt af málum þar sem aðstandendum þykir upplýsingaflæði til sín skammarlega lítið.“

Áslaug segir frumvarpið lúta að almennum upplýsingum og leiðbeiningum þegar verið er að rann-

saka málin og að hægt verði að fá tilnefndan réttargæslumann til að gæta að hagsmunum hins látna. „Við höfum séð mál koma upp þar sem óvissa ríkir um hvort andlát hafi borið að með sagnæmum hætti eða slysförum,” segir Áslaug.

Aðspurð segir Áslaug að lögreglan hafi ekki gert athugasemdir við þessar hugmyndir. – atv

EpiEndo prófar frumlyf á fólki

VIÐSKIPTI Líftæknifyrirtækið EpiEndo Pharmaceuticals er fyrsta íslenska fyrirtækið til þess að hefja íslenskar rannsóknir á fólki vegna þróunar á frumlyfi. Um er að ræða lyf sem er ætlað til meðferðar við langvinnum öndunarferasjúkdómum.

„Það hefur tekið sjö ár að komast á þennan stað og ferlið fram undan ætti ekki að taka nema átta til tíu ár, sem er eðlilegur þróunartími fyrir lyf eins og okkar,” segir Finnur Friðrik Einarsson, rekstrarstjóri EpiEndo.

Fyrirtækið hefur tryggt sér 400 milljóna króna fjármögnun frá nýjum evrópskum fjárfestingarsjóði til að standa undir fyrsta fasa klínískra rannsókna. – þff / sjá síðu 8

Mmm ...
Melónur
bestar núna!

Krónan
mælir með!

KRÓNAN



Þingmaðurinn Andrés Ingi Jónsson hefur fengið svör frá ráðherra um dómaframkvæmd Landsréttar.

Fræðimenn skoði dóma Landsréttar

DÓMSMÁL Á fyrstu þremur starfsárum sínum snéri Landsréttur tíu sakfellingardómum héraðsdóms í kynferðisbrotamálum við og sýknaði ákærða. Þetta kemur fram í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn þingmannsins Andrésar Inga Jónssonar um dómaframkvæmd Landsréttar.

Alls var 71 kynferðisbrotamál dæmt í Landsrétti á árunum 2018, 2019 og 2020. Tveir þessara dóma hafa verið ómerktilir í Hæstarétti og einn til viðbótar felldur niður af ákærvaldinu. Af 68 málum var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 31 máli.

Þetta er allavega verðugt rannsóknarefni fyrir fræðimenn á sviði lögfræði.

Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Pírata

Niðurstöðu um sekt eða sýknu var snúið við í ellefu tilvikum; í tíu tilvikum var sýknað í Landsrétti í kjölfar sakfellingar í héraði.

Í tuttugu og fimm tilvikum var ákvörðun héraðsdóms um refsingu breytt; í langflestum tilvikum til refsimildunar eða í átján tilvikum.

„Undanfarið hafa reglulega birst fréttir af dómum Landsréttar sem bentu til þess að hann væri mildari í þessum málaflokki en héraðsdómstólarnir. Mér fannst vanta almennilegar upplýsingar um alla dóma til að geta betur séð hvort þessi tilfinning ætti við rök að styðjast,“ segir Andrés Ingi um ástæður fyrirspurnarinnar. Hann segir svörin gefa ástæðu til frekari spurninga og nánari skoðunar á því hvernig hið nýja millidómstig sé að virka.

„Þetta er allavega verðugt rannsóknarefni fyrir fræðimenn á sviði lögfræði.“ – atv



Aðalfundur **Gleym mér ei styrktarfélags** verður haldinn þriðjudaginn **27. apríl kl. 20.00** í **Sorgarmiðstöð-Lífsgæðasetrið, St. Jóseps.**

Aðalfundurinn verður í streymi fyrir þau sem geta ekki komið.

Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf.

Eftir aðalfund verður fræðsluerindi um missi á meðgöngu og sagt frá hópastarfi sem Gleym mér ei og Sorgarmiðstöð bjóða upp á fyrir foreldra í þessari stöðu.

Lokað á gossvæðinu í dag



Stórfenglegt sjónarspilið í Geldingadölum heldur enn áfram þar sem gossprungurnar eru orðnar níu talsins. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur ákveðið að gossvæðið verði lokað í dag sökum slæmrar veðurspár. Erfitt getur reynst fyrir viðbragðsaðila að bregðast við útköllum og sinna eftirliti á svæðinu þegar skilyrði eru slæm en í dag má búast við að gönguleiðir og neyðarvegir verði eitt forarsvað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Andlát fanga á Litla-Hrauni enn til rannsóknar

LÖGREGLUMÁL Rannsókn á andláti fangans sem lést á Litla-Hrauni í byrjun mánaðarins stendur enn yfir. Rannsóknin er í höndum lögreglunnar á Suðurlandi og segir Oddur Arnason yfirlögregluþjónn að niðurstöðu krufningar sé beðið. Eins og áður hefur komið fram var maðurinn íslenskur og fannst látinn í klefa sínum 1. apríl.

Lögregla rannsakar dauðsföll sem verða annars staðar en á sjúkrahúsum og umrædd rannsókn því á engan hátt vísbending um að andlátið hafi borið að með saknæmum hætti.

Að sögn samfanga hins látna hafði hinn látni farið í hjartastopp fimm dögum áður en hann lést. Hann hafi verið útskrifaður af spítala um leið og hann fékk meðvitund. Þeir segja hann hafa kvartað undan verkjum í aðdraganda andlátsins en enga aðstoð fengið. – atv

Hettu fannst lítið til gosstöðvanna koma

Hin ellefu vetra Hetta frá Skeggjastöðum birtist á gosstöðvunum á miðvikudag og var þar í myndatöku. Katharina Breslauer, eigandi Hettu, segir ferðina hafa verið vel skipulagða. Hettu fannst þó gosstöðvarnar ekkert merkilegar.

ELDGOS „Hún var slök og spennulaus allan tímann. Ég held meira að segja að henni hafi ekkert fundist þetta merkileg upplifun,“ segir Katharina Breslauer, sem á hestinn Hettu frá Skeggjastöðum.

Þær fóru ásamt Kolbrúnu Grétarsdóttur í 12 kílómetra göngutúr með Hettu upp að eldsumbrotunum í Fagradal að taka myndir, meðal annars fyrir Kidka, framleiðslufyrirtæki fyrir þrjónavörur á Hvammstanga sem framleiðir sína eigin vörulínu úr íslenski ull. Hetta er einmitt í yfirbreiðslu frá Kidka á myndinni hér til hliðar.

Katharina segir að hugmyndin að fara með Hettu upp að eldgosinu hafi kviknað snemma en það þurfti margt að ganga upp til að hægt væri að feta leiðina. Gasmengun mátti ekki vera og veðrið í lagi svo fátt eitt sé nefnt. Hún fékk leyfi frá Almannaáhrum og lögreglunni og ber björgunarsveitarfólkinu góða sögu:

„Það var svo skemmtilegt hvað allir tóku vel á móti okkur, bæði laganna verðir og björgunarsveitarfólk sem við hittum. Allir eitthvað svo jákvæðir en samt með öryggið í huga. Það fannst mér algjörlega frábært.“

Hún var sjálf búin að labba leiðina að gosstöðvunum til að athuga hvort þetta væri gerlegt. Og þegar opnaðist gluggi á miðvikudag var haldið af stað í rólegheitum.

„Við vorum búin að fresta þessu nokkrum sinnum og við fórum þetta rólega. Ef við þyrftum að snúa við þá væri það þannig. Það var engin miskunn með það. Þá yrði þetta í versta falli góður göngutúr.“

Hún bendir á að hestar séu með stærri lungu en hundar og andi mun



Kolbrún Grétarsdóttir ljósmyndari segir að ferðin með Hettu hafi verið stórskemmtileg og verði örugglega lengi í minnum höfð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég held að Hetta hafi ekkert skilið í okkur mannfólkinu.

Katharina Breslauer, eigandi Hettu frá Skeggjastöðum

ofar en þeir og því var ekki mikil hættu á ferðum. „Það er lyklatríði að vera með rólegan og traustan hest sem maður treystir. Það er ekki hægt að fara riðandi frá bílastæðinu og að gosstöðvunum. Við gerðum þetta bara rólega og Hetta veit alveg

hvað hún vill. Hún er næm á það að láta vita hvað hún vill gera og hvað ekki og á svona stað þarf maður að hlusta á hestinn,“ segir Katharina.

Hún segir að sér hafi fundist gosið mun falletta en Hettu, sem varla tók eftir því.

„Þetta var mjög skemmtilegt verkefni og ég held að þetta hafi heppnast svona vel vegna góðs undirbúnings. En ég held að Hetta hafi ekkert skilið í okkur mannfólkinu hvað okkur fannst eldgosid fallett,“ segir Katharina og hlær. benediktboas@frettabladid.is

JUNE

FRÁ PRIMAVERA



Ný sending og nýir litir. Komdu og láttu lífið leika við þig í sófa frá Vogue fyrir heimilið. JUNE er fánlegur í fjölmörgum útgáfum, mismunandi áklæðum og litum.

Verð frá 139.800 kr.

2ja sæta sófi

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Pfizer svaraði kalli ESB.

Afhendingu á bóluefni Pfizer flýtt til muna

COVID-19 Framkvæmdastjóri Evrópusambandsins, Ursula von der Leyen, tilkynnti í gær að bóluefnaframleiðandinn Pfizer muni afhenda um 50 milljónum fleiri bóluefnaskammta til Evrópuþjóða en áður hafði verið reiknað með á öðrum ársfjórðungi.

Það þýðir að Ísland mun fá alls rúmlega 192 þúsund bóluefnaskammta frá Pfizer fyrir lok júní sem dugir til að bólusetja um 96 þúsund einstaklinga.

Ursula sagði í ávarpi að því fyrr sem tækist að bólusetja 70 prósent af íbúum Evrópu því betra. Þetta væri kapphlaup við tímann. „Góðu fréttirnar eru að bólusetning er að sækja í sig veðrið í Evrópu. Ég get glöð sagt frá því að 100 milljónir eru nú bólusettar innan Evrópusambandsins. Það er tilefni sem hægt er að vera stolt af. Þá eru 27 milljónir nú fullbólusettar sem eru góðar fréttir,“ sagði Ursula. – **bb**

Hámarkshraði lækkaður víða um Reykjavík

REYKJAVÍK Hámarkshraðaáætlun Reykjavíkur var samþykkt í skipulags- og samgönguráði Reykjavíkur í gær. Tillögunni var vísað til borgarráðs.

Markmið áætlunarinnar er að stuðla að bættu umferðaröryggi. Ekki sé réttlætandi að forna heilsu vegfarenda fyrir minni tafir.

Kostnaðurinn við að koma tillögunni í framkvæmd er áætlaður allt að 300 milljónir króna á ári.

Meðal annars er gert ráð fyrir að hámarkshraði verði 5 km/klst. á göngugötum og ákveðnum vistgötum, 10 km/klst. á almennum vistgötum, verslunargötum og húsa-götum án sérstakra gangstétta.

Talið er að lækkun hámarkshraða muni ekki minnka umferðarflæði eða skapa tafir á stofnbrautum þar sem hámarks umferðarýmd gatna-kerfisins og tafir í kringum háanna-tíma ráðist oftast af afkastagetu gatnamóta, ljósastýringum og ann-arrí umferð. – **hó**

Frumvarp um kynjahlutföll enn til meðferðar

JAFNRÉTTISMÁL Reglur um kynjahlutföll í stjórnnum opinberra fyrirtækja á borð við RÚV ohf. hafa lengi verið til umræðu, að sögn Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra.

Eins og greint var frá á vef Fréttablaðsins í vikunni sitja nú aðeins þrjár konur í stjórn RÚV og sex karlar. Stjórnin er kosin af Alþingi og talið hefur verið torvelt að binda hendur þeirra sem tilnefna fulltrúa í stjórnina, en það eru að uppistöðu stjórnmalaflokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi.

„Síðastliðinn október lagði for-



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

sætisnefnd Alþingis til breytingu á lögum um þingskóp Alþingis í tengslum við endursköpun jafnréttislaganna,“ segir Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, í samtali við Fréttablaðið. „Þar var óskað eftir að kannaður yrði vilji um breytingar á



Páll Magnússon, formaður allsherjar- og menntamálanefndar

þingskapalögum þannig að kynjahlutföllin yrðu sem jöfnust.“

Frumvarpið var lagt fram í október síðastliðnum og er til meðferðar í allsherjar- og menntamálanefnd.

„Málið er til meðferðar í nefndinni og verður til umræðu á næstunni,“

segir Páll Magnússon formaður nefndarinnar. Páll segist ekki hafa sérstaka skoðun á nýkjörinni stjórn RÚV sem fyrrverandi útvarpsstjóri en segir málið sérkennilegt. Hann bendir á að Sjálfstæðisflokkurinn hafi tilnefnt bæði karl og konu.

„Mér finnst þetta óeðlileg kynjahlutföll,“ segir hann. „Það skýtur óneitanlega skökku við að þegar kemur til kasta Alþingis að kjósa í stjórnir af þessu tagi að þá geri ekki allir flokkar sömu kröfur til sjálfrá sin og þeir gera til fyrirtækja á almennum markaði.“ – **atv**

Hætta með spilakassana

Þrjú fyrirtæki hafa hætt með spilakassa í verslunum sínum og segja samfélagslega ábyrgð ástæðuna. Alma Hafsteinsdóttir, formaður SÁS, segir um stórt skref í baráttu samtakanna fyrir lokun spilakassa að ræða.

SAMFÉLAG Rekstraraðilar Skálans Þorlákshöfn, Snælandsvídeós og Olís hafa tekið ákvörðun um að hætta með spilakassa í verslunum sínum og segja þau ákvörðunina byggjast á samfélagslegri ábyrgð.

Samtök áhugafólks um spilafíkn (SÁS) hafa undanfarna mánuði lagt fram þá kröfu að spilakössum á Íslandi verði lokað og hefur fjöldi fólks deilt sögum sínum um spilafíkn og þá neyð sem hún skapar á heimasíðu samtakanna. Þá hefur verið uppi umræða um jákvæð áhrif sem hlotist hafi á líf spilafíkla þegar kössunum var lokað vegna söttvarnareglna. Með breyttum reglum sem tóku gildi á miðnætti er spilakössum heimilt að opna spilakassa að nýju.

Elsa Kolbrún Gunnþórsdóttir rekur Skálann í Þorlákshöfn ásamt eiginmanni sínum, Jóni Jónssyni. Þar til í mars voru þau með spilakassa í versluninni. Elsa segir þau hjónin lengi hafa rætt um að hætta með kassana. „Svo þegar umræðan um spilakassa jókst í samfélaginu þá ytti það við okkur,“ segir hún.

Elsa segir mikinn fjárhagslegan ávinning af spilakössunum, rekstraraðilar verslana fái greidda prósentu af því sem í kassana kemur. „Við sáum sama fólkið koma aftur og aftur og eyða miklum tíma í kössunum, þetta er bara mjög sorglegt og við ákváðum að þetta gæti ekki verið það sem reksturinn okkar stæði og félli með,“ segir Elsa.

Hún þekkir spilafíkn vel en faðir hennar þjáðist af slíkri fíkn. „Sú reynsla og það að horfa upp á þetta alla daga var það sem togaði í mig, maður er bara með sting í hjartanu,“ segir Elsa.

Elsa segir háar fjárhæðir koma inn í kassana en að þau hjónin séu



Olís, Snælandsvídeó, Núpaland og Skálinn hafa öll hætt með spilakassa í verslunum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

stolt af þeirri ákvörðun að losa sig við þá. „Þegar maður opnar kassana á kvöldin og sér upphæðirnar sem fólk er buið að dæla í þá, það er alveg hræðilegt, þetta eru miklir peningar og enginn græðir nema þeir sem reka kassana,“ segir Elsa, en árið 2018 var hagnaður rekstraraðila spilakassa héraendis, Hapdrættis Háskóla Íslands og Íslandsspila, af spilakössum tólf milljarðar.

Pétur Smárason, eigandi Snælandsvídeós í Núpaland, segist lengi hafa langað að hætta með kassana. Þegar þeim var lokað vegna söttvarnareglna hafi hann séð að af þeim hlytist, „meira ónæði en hitt.“

Hann segir fjárhagslegan ávinning þeirra ekki hafinn yfir sam-

Við sáum mikið af fólki setja seðla- bunt í kassann og vinna ekki neitt.

Pétur Smárason, eigandi Snælandsvídeós í Núpaland



félagslega ábyrgð. „Umræðan í þjóðfélaginu hefur vakið mann til umhugsunar,“ segir Pétur.

„Það var alveg fólk sem kom hingað og setti klink í kassann en

við sáum mikið af fólki setja seðla- bunt í kassann og vinna ekki neitt,“ bætir Pétur við.

Alma Hafsteinsdóttir, formaður SÁS, segir að um stórt og mikilvægt skref í baráttu samtakanna sé að ræða. „Með því að skila þeim (spilakössunum) eru þeir að sýna í verki samfélags- og siðferðislega ábyrgð og taka afstöðu, þrátt fyrir að verða fyrir verulegu tekjutapi í formi umboðslauna,“ segir Alma.

„Það er í raun alveg stórkostlegt að einkaaðilar skuli sýna þetta frumkvæði og hætta með spilakassa á sama tíma og við sjáum formenn Rauða krossins og Landsbjargar réttlæta rekstur spilakassa,“ bætir Alma við. birnadrofn@frettabladid.is

FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum og felgum fyrir fólksbíl, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíl. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði.

Gott úrval af dekkjum og felgum.

Hér fyrir neðan má sjá verðdæmi um dekk og felgur í boði:

Dekkja- og felgugangar:

25" 225/45R17 - 79.000 kr.
18" 225/70R18 - 179.000 kr.
33" 285/60/R20 - 199.000 kr.
35" 315/75R17 - 290.000 kr.

Dekkjagangur:


27" 225/60R17 - 49.000 kr.
28" 235/55R18 - 59.900 kr.
30" 265/60R18 - 69.960 kr.
33" 275/70R18 - 79.600 kr.

Fleiri stærðir í boði. Uppgefið verð er heill umgangur eða 4 stk með vsk.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 590 2323



ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00



GUERLAIN

PARIS

OPNAÐU AUGUN FYRIR MÆTTI HUNANGSINS

ABEILLE ROYALE

NÝTT - EYE R REPAIR SERUM



94% UPPRUNNIÐ ÚR NÁTTÚRULEGUM EFNUM²

Síðastliðin 10 ár hafa rannsóknir Guerlain sannað virkni Black Bee hunangsins³ frá frönsku eyjunni Quessant en hjartað í BlackBee Repair tækninni er hunangið sem eflir viðgerðarhæfni húðarinnar. Abeille Royale vinnur á ó þáttum húðarinnar: stinnleika, fínum línum, áferð, ljóma, raka og gæðum.⁴

NÝTT EYE R REPAIR SERUM. Formúla sem samanstendur af 94% náttúrulegum innihaldsefnum² sem auka ljóma, raka og gefa augnsvæðinu lyftingu.¹

DOUBLE R RENEW & REPAIR SERUM. Þessi einstaka tvöfalda virkni sameinar endurnýjun húðarinnar og lyftingu sem sýnilega sléttir, stinnir og gefur ljóma.

ABEILLE ROYALE, ENDURNÝJUN Í KRAFTI VÍSINDA OG BÝFLUGUNNAR

⁽¹⁾ Samanburðarpróf DS á móti D28, mat á virkni á augnsvæði 33 kvenna.⁽²⁾ Byggt á ISO staðli 16128, með vatni. Hin 6% vinna að endingu formúlunnar til lengri tíma.⁽³⁾ Samanstendur af blöndu hunangs og drottningarhunangs.⁽⁴⁾ Í prófum á Abeille Royale vörum.

20% AFSLÁTTUR AF GUERLAIN VÖRUM
Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI 15. - 18. APRÍL.

Glæsilegur kaupauki fylgir
þegar keyptar eru vörur fyrir 8.900 kr. eða meira.

 **Lyf & heilsa**



Fátt er um iðnaðarlóðir í þéttbýli Seyðisfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framtíð síldarvinnslu óljós vegna nýs hættumats

AUSTURLAND Sveitarstjórn Múlaþings mun ræða við forsvarsmenn Síldarvinnslunnar vegna áhrifa nýs hættumats á starfsemina. Veðurstofan mun gefa út fullunnið hættumat fyrir Seyðisfjörð í sumar en samkvæmt bráðabirgðamati frá því í marslok er vinnsluhús útgerðarinnar innan hættusvæðis.

„Húsin eru að hluta til inni á C-svæði núna og okkur finnst trúlegt að þetta hafi áhrif á öll fyrirtækin þarna á svæðinu,“ segir Rúnar Gunnarsson, fulltrúi í heimastjórn Seyðisfjarðar, sem fundaði um málið í vikunni. C-svæði er hæsta hættustig í kerfi Veðurstofunnar. „Við viljum vita hvernig þeim líður með reksturinn þarna,“ segir hann.

Skóðað verður hvort byggja þurfi nýtt vinnsluhús fyrir utan hættusvæðið, þar sem miklar aurskriður féllu í desember. Við fjarðarbotninn eru fá svæði sem henta fyrir atvinnuhúsnæði af þessu tagi.

„Það er ekki um auðugan garð að gresja,“ segir Rúnar. „Við erum með Hafnarleiruna, um 15 þúsund fermetra fyrir iðnaðarlóðir, en þá er það upptalið. Við þyrftum jafnvel að skoða lóðir út fyrir byggðina.“

Síldarvinnslan er stærsti vinnustaður Seyðisfjarðar og Rúnar segir hann skipta Seyðisfjörð öllu máli. Í greinargerð með bókun heimastjórnar er því lýst sem rothöggi ef starfsemi Síldarvinnslunnar legðist af í bænum. – khg



Aukin harka hafi verið sett í fíkniefnatengd brot á undanförunum áratugum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fleiri fíkniefningar hér en í nágrannalöndum

Ísland sker sig úr frá flestum löndum Evrópu þegar kemur að refsihörku í fíkniefnamálum. Refsiramminn er betur nýttur gagnvart fólki sem oft er burðardýr eða smásalar en ofbeldismönnum og kynferðisafbrotamönnum.

FANGELSISMÁL Hörð refsistefna í fíkniefnamálum hefur valdið því að hlutfallslega sitja mun fleiri inni fyrir slík brot hér en í nágrannalöndunum. Í fyrra sátu 35 prósent íslenskra fanga inni fyrir fíkniefnabrot á meðan hlutfallið á Norðurlöndum er 20 til 25 prósent. Í gervallri Evrópu er hlutfallið aðeins hærra í einu landi, Lettlandi, samkvæmt nýrri skýrslu Evrópuráðsins.

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í afbrotufræði, bendir á að fyrir um aldarfjórðungi hafi hlutfallið verið mun lægra, í kringum 10 prósent. Aukin harka hafi verið sett í málaflökkinn á undanförunum áratugum og hlutfallið verið í kringum 40 prósent árin 2018 og 2019. Undir þetta heyrir framleiðsla, smygl og dreifing efnanna.

Þegar kemur að dómum er refsiramminn betur nýttur í fíkniefnabrotum en auðgunar-, ofbeldis- og kynferðisbrotum. „Efri mörkin eru tólf ár og við sjáum oft farið ansi nálægt því, kannski sjö upp í ellefu ára dóma,“ segir Helgi. Þetta sé gert þó að stór hluti dæmra sé augljóslega burðardýr eða smásalar að fjármagna eigin neyslu. „Mat stjórnsvalda er að þetta séu þau brot sem valdi hvað mestum vanda í okkar samfélagi og í samfélaginu er engin gagnrýni á þessa stefnu.“

Helgi sér stuðninginn birtast í könnunum sem hann hefur gert. Flestir telja fíkniefnabrot með þeim alvarlegustu og vilja að lögreglan hafi rúmar rannsóknarheimildir til að takast á við þau. „Við sjáum ekki aukatekið orð, hvorki á þinginu né annars staðar í samfélaginu, um að það þurfi að draga úr refsihörku fyrir þessi fíkniefnabrot,“ segir Helgi. Allt annað gildi um afstöðu til vörslu neysluskammta, sem heilbrigðisráðherra hyggst aflagpavæða með nýju frumvarpi. En fólk fer ekki í fangelsi fyrir vörslu.

Samkvæmt skýrslunni er hlutfallslegur fjöldi fanga á hverja 100

Við sjáum ekki aukatekið orð, hvorki á þinginu né annars staðar í samfélaginu, um að það þurfi að draga úr refsihörku fyrir þessi fíkniefnabrot.

Helgi Gunnlaugsson afbrotufræðingur



35%

íslenskra fanga sátu inni fyrir fíkniefnabrot í fyrra.

eru, ólíkt flestum löndum Evrópu. Í fyrra sat Helgi í nefnd dómsmálaráðherra til að finna leiðir til þess að stytta biðlistana. „Ég lagði til að létt yrði á kerfinu með því að veita fíkniefngum reynslulausn eftir helming afplánunar eins og margir aðrir fangar fá. En ég var einn um þá afstöðu,“ segir hann.

Af föngum er 31 útlendingur, þar af 25 frá Evrópusambandsríkjum, sem gerir alls 19 prósent. Þrátt fyrir háværa umræðu um hversu margir útlendingar séu hér í fangelsum er hlutfallið lægra en gengur og gerist í vesturhluta Evrópu. Í Danmörku og Noregi er hlutfallið 30 prósent og í sumum löndum meirihlutinn.

Helgi telur ástæðuna fyrir þessu þá að flestir innflytjendur hér eru fólk sem komið hefur hingað til að vinna. Einnig að þeir séu líkari heimamönnum, bæði menningarlega og félagslega, en gengur og gerist víða í Evrópu. „Á Norðurlöndum og víða í Vestur-Evrópu koma margir innflytjendur frá mun fjarlægari svæðum. Þeir eiga erfðara með að aðlagast og mæta meiri forðum,“ segir Helgi. „Rannsóknir, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu, sýna að refsiharka er meiri gagnvart innflytjendum en innfæddum, og sérstaklega ef þeir eru mjög ólíkir.“

Þá bendir hann einnig á að hér á Íslandi er allt að helmingur erlendra brotamanna ekki innflytjendur heldur fólk sem kemur til þess að brjóta af sér, jafnvel í skipulagðri brotastarfsemi. Ólíkt Íslendingum fá erlendir fíkniefningar að fara á reynslulausn eftir hálfu afplánun.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Frödinge
SMÁLAND 1929

Sýndsamlega góð kaka með engri fyrirhöfn!

Kladdkaka

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

„Clarins fylgir þér í gegnum lífið“

CLARINS

Live beautifully



Framúrskarandi vísindi eru kjarninn í húðvörum Clarins.

Clarins húðvörurnar berjast gegn ótímabærri öldrun húðarinnar og uppfylla óskir kvenna á hvaða tímabili ævinnar sem er. Hvort sem þú þarft styrk, þéttleika, endurnýjun eða ljóma? Yfir 88% kvenna eru sammála um að*: Double Serum auki virkni daglegrar húðumhirðu. Húðin verður sýnilega sléttari, þéttari og öðlast ljóma.

*Neytendapróf, 4 vikur dagkrem fyrir allar húðtýpur + 2 vikur dagkrem og Double Serum; Multi Active, 109 konur / Extra-Firming, 103 konur / Super Restorative, 113 konur / Nutri Lumiere, 111 konur.

CLARINS.COM

Clarins fæst ekki á Selfossi.

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CLARINS
VÖRUM DAGANA 15. - 21. APRÍL**

Veglegur kaupauki fylgir þegar verslað er fyrir 7.900 kr. eða meira.

*Gildir meðan birgðir endast

HAGKAUP

Snyrtivara

MARKAÐURINN

Brjóta blað í íslenskri lyfjapróun

EpiEndo er fyrsta íslenska fyrirtækið til að hefja klínískar rannsóknir á fólki vegna þróunar á frumlyfi. Yrði meðal annars notað til meðferðar gegn langvinnri lungnateppu. Hafa tryggt sér 400 milljóna króna fjármögnun frá nýjum evrópskum fjárfestingarsjóði.

Lyftæknifyrirtækið EpiEndo Pharmaceuticals er fyrsta íslenska fyrirtækið til þess að hefja klínískar rannsóknir á fólki vegna þróunar á frumlyfi. Fyrirtækið hefur tryggt sér 400 milljóna króna fjármögnun frá nýjum, evrópskum fjárfestingarsjóði til að standa undir fyrsta fasa klínískra rannsókna sem felur í sér reglulega lyfjatöku átta sjálfboðaliða.

„Þessi rannsókn mun veita okkur mikilvægar, klínískar upplýsingar og skipa EpiEndo sess sem leiðandi fyrirtæki í þróun makróliða án sýkladrepani eiginleika,“ segir Finnur Friðrik Einarsson.

EpiEndo Pharmaceuticals ehf. var stofnað á Íslandi í janúar 2014, af Friðriki Rúnari Garðarssyni lækni og byggði hann hugmyndafræði félagsins á rannsóknum sem gerðar voru í Háskóla Íslands á fyrsta áratug aldarinnar af Þórnari Guðjónssyni, prófessor í vefjafræði við læknaeild Háskóla Íslands og dr. Ólafi Baldursyni, framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala Íslands.

Frumlyfið EP395 er fyrsti makróliðið án sýkladrepani virkni sem tekinn er til rannsókna í fólki og ef fram fer sem horfir hefur EP395 möguleika á að verða fyrsta langtímameðferðin sem tekin er inn í

töfluformi við langvinnum öndunarferasjúkdómum, svo sem langvinnri lungnateppu, astma og berkjubólgu auk annara bólgusjúkdóma.

„Það hefur verið þekkt um áratuga skeið að makróliðar hafa ekki aðeins sýkladrepani virkni, heldur einnig fjölbætt áhrif á ónæmiskerfið, en notkun þeirra gegn krónískum sjúkdómum hefur verið takmörkuð vegna hættu á myndun ónæmra bakteríustofna,“ segir Finnur.

„Lyfjasprotinn okkar, EP395, hefur verið hannaður sérstaklega með það að markmiði að fjarlægja sýkladrepani eiginleika makróliða samhliða því að efla bólgueyðandi virkni þeirra, þannig að hægt sé að nota það sem langtímameðferð við þrálátum bólgusjúkdómum án þess að upp komi ónæmir bakteríustofnar.“

Árangursrík meðhöndlun á langvinnum bólgusjúkdómum í öndunarvegi hefur löngum verið mikil áskorun í heilbrigðisgeiranum. Hún er orðin þriðja algengasta dánarorsök í heimi en ekki eru önnur meðferðarúrræði í boði en þau sem slá tímabundið á einkennin. „Hér sjáum við fram á mikil tækifæri til að þróa árangursríka, örugga og einfalda lyfjameðferð, með nýrri tegund lyfja,“ segir Finnur.



Finnur Friðrik Einarsson rekstrarstjóri og Friðrik Rúnar Garðarsson sem stofnaði EpiEndo Pharmaceuticals 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Klínísku rannsóknirnar fara fram við the Medicines Evaluation Unit í Manchester, Bretlandi. Í fyrsta hópnum fengu sex sjálfboðaliðar skammt af lyfinu og tveir fengu lyfleysu. „Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef liður þeim öllum vel,“ segir Finnur.

„Skammturinn sem þessi fyrsti hópur fékk var frekar lítill og skammturinn sem næsti hópur

sjálfboðaliða fær verður stærri og svo hækkar skammturinn stig af stigi milli hópa, svo lengi sem ekkert óvænt kemur upp á. Tilgangur þessara rannsókna er að skoða og meta hver stærsta örugga skammtastærð EP395 er með tilliti til aukaverkana og óþæginda eins og til dæmis meltingartruflana.“

„Það hefur tekið sjö ár að komast á þennan stað og ferlið fram undan

ætti ekki að taka nema átta til tíu ár, sem er eðlilegur þróunartími fyrir lyf eins og okkar,“ segir Finnur.

EpiEndo Pharmaceuticals tryggði sér nýverið 2,7 milljóna evru fjármögnun, jafnvirði rúmlega 400 milljóna króna, í formi breytanlegs láns frá The European Innovation Council Fund (EIC Fund).

The EIC Fund er nýr evrópskur fjárfestingarsjóður í eigu Evrópusambandsins sem var stofnaður í júní 2020 með það að markmiði að fjárfesta í og styðja við öflug sprotafyrirtæki í Evrópu, gera þeim kleift að vaxa hraðar og auka samkeppnishæfni Evrópu gagnvart Asíu og Bandaríkjunum.

EpiEndo er meðal fyrstu fyrirtækjanna sem sjóðurinn fjárfestir í og þessi fjármögnun í framhaldi af 2,5 milljóna evru styrk frá The European Innovation Council, sem félagið fékk í upphafi árs 2020, hafa gert félaginu kleift að koma fyrsta lyfinu sínu, EP395, í klínískar rannsóknir.

Alls eru rúmlega 60 hluthafar í EpiEndo. Samkvæmt upplýsingum úr hluthafaskrá Creditinfo eru Magnús Kristinnson útgerðarmaður, Ólafur Björnsson, eigandi Dalsness, Ingi Guðjónsson, einn eigandi Lyfju, og Sigurður Palmi Sigurbjörnsson, eigandi Súper1 á meðal hluthafa. thorsteinn@frettabladid.is

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



JAGUAR I-PACE HSE EV400

Nýskr. 12/2018, ekinn 25 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 9.890.000 kr.

Rnr. 147701.



JAGUAR E-PACE S 150D

Nýskr. 7/2019, ekinn 38 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 6.990.000 kr.

Rnr. 420620.



JAGUAR F-PACE Portfolio 180D

Nýskr. 9/2019, ekinn 38 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 9.290.000 kr.

Rnr. 420603.



RANGE ROVER VOGUE P400e

Nýskr. 5/2020, ekinn 12 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 19.890.000 kr.

Rnr. 420631.



RANGE ROVER SPORT HSE Dynamic SDV6

Nýskr. 10/2018, ekinn 57 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 14.690.000 kr.

Rnr. 420607.



RANGE ROVER SPORT HSE Dynamic P400e

Nýskr. 9/2020, ekinn 21 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 16.490.000 kr.

Rnr. 420633.



RANGE ROVER EVOQUE S 150D

Nýskr. 4/2017, ekinn 67 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 5.890.000 kr.

Rnr. 420617.



RANGE ROVER VELAR SE R Dynamic 300D

Nýskr. 1/2018, ekinn 38 þús. km, dísil, sjálfskiptur.


Verð: 12.690.000 kr.

Rnr. 147843.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðiferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hestháli 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is



Jökulgilstindar eru ekki síður tilkomumiklir séðir úr suðri þar sem snarbrött klettapil blasa við. MYND/ÓMB

Tígulegir tvíburarnar

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Í Stafafellsfjöllum skammt frá Lónsöræfum eru Jökulgilstindar, tignarlegir og nánast eineggja tvíburar sem sjást víða að á sunnanverðum Austfjörðum. Báðir eru í kringum 1.313 metrar að hæð og klæddir jökli. Nafn sitt draga þeir af þröngu og litríku Jökulgili sem liggur norður af þeim og ofan í Flugustaðadal. Yfirleitt er gengið á vestari tindinn því sá eystri er snúinn uppgöngu. Adallega eru tvær gönguleiðir í boði á vestari tindinn; að norðanverðu úr Flugustaðadal um Jökulgil, eða sunnan úr Lóni. Fáfarnari og lengri gönguleiðir liggja úr Lónsöræfum, til dæmis frá skálanum Egilsseli.

Komist er inn Flugustaðadal eftir torfærum jeppaslóða sem víða liggur í grýttum árfarvegi. Rétt innan við gangnamannakofann Markúsarsel endar slóðinn og þar hefst gangan. Flugustaðaa er fylgt inn dalinn sem þrengist og árgljúfur taka við. Í hliðarám leynast fallegir fossar og leynist snotur hellisskúti á bak við einn þeirra. Smám saman opnast Jökulgil á vinstri hönd og tvíburaturnarnir hvítklæddu blasa við. Stöllótt jarðlög eru þrædd upp brattann þar sem ljósbrúnt líparit tekur við líkt og krosssprungið ísfall sem steypist ofan í gilið. Haldið er upp lausar brekkur á vinstri hönd og þannig komist á jökul sem er þverður að vestari tindinum norðanverðum. Þar blasa skyndilega við Lónsöræfi í öllu sínu veldi en líka Sauðhamarstindur, austanverður Vatnajökull og Snæfell. Síðasti spölurinn upp vesturhlíðina er brattur og notast við ísöxi og mannbrodna. Best er að láta efsta hnallinn eiga sig, en í staðinn horft úr skarði neðan hans yfir Lón alla leið að Vestrahorni. Syðri gönguleiðin á Jökulgilstinda upp úr Lóni er sömuleiðis tilkomumikil en brattari. Úr Austurskógum er stefnt upp birkivaxnar brekkur vestan Koltungugils. Þarna er enginn gönguslóði og þéttur skógurinn torfarinn. Fljótlega taka þó við grónir melar þar sem oft sést til hreindýra. Ofar taka snjófannir við, sem þræddar eru í átt að að skarði milli Jökulgilstindanna tveggja. Haldið er vinstra megin við vestari tindinn og síðasti hlutinn svipaður gönguleiðinni úr Flugustaðadal.

Ganga á Jökulgilstinda er krefjandi en ógleymanleg upplifun. Hækkun er í kringum 1.200 metra og gangan 20-22 km báðar leiðir, sem tekur daginn og vel það.



Ganga upp Jökulgil er mikil veisla fyrir augað þar sem litríkt líparit rammar inn jökulinn og Jökulgilstinda. MYND/TG



Ofan af Jökulgilstindum er frábært útsýni. Hér er horft af vestari tindinum yfir á þann eystri. MYND/TG.

Reiðiraddir



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Úthald og þrautseigja eru mikilvægir eiginleikar, sérstaklega á tímum eins og þessum, þegar tilveran er í biðstöðu. Nú er komið að þeim tímapunkti í baráttunni gegn COVID að hyggilegast er að draga andann djúpt og setja sig í úthaldsstillingar; tileinka sér stólska ró. Bólusetningar eru hafnar og þeim miðar alveg samlega, þótt einhverjir vilji reyndar halda öðru fram. Óþolinmæði í þeim efnum er mjög skiljanleg því bólusetningar eru jú svarið við COVID. Þær munu hugsanlega dragast eitthvað á langinn. Engin ástæða er þó til að hella sér yfir stjórnvöld og sóttvarnaryfirvöld, sem eru að reyna að gera sitt besta í aðstæðum sem eru engin óskastaða. Þau hefðu örugglega mátt gera ýmislegt öðruvísi en ekkert þýðir að velta sér endalaust upp úr því. Aðalatriðið er að bóluefnin eru að koma, búið er að bólusetja flesta viðkvæmstu hópana og þjóðin virðist komin yfir það versta. Sem hlýtur að þýða að alls kyns takmörkunum verði aflétt í náinni framtíð, en eflaust í skrefum því sóttvarnalæknir landsins er varfærinn maður og ríkisstjórnin kys að lúta handleiðslu hans.

Ástand eins og það sem þjóðin hefur búið við svo lengi reynir á og kallar ekki alltaf fram það besta í fólki. Leiður fylgifiskur COVID er ónuglyndi og tortryggni í garð náungans ásamt þeirri hugsun að í COVID sé hver sjálfur sér næstur. Þannig hafa einhverjir blygðunarlaust reynt að lauma sér fram fyrir aðra í bólusetningarröðinni í krafti þess að þeir séu sérlega mikilvægir þjóðfélagsþegnar. Enn aðrir hafa dundað sér við að klaga náungann fyrir hin ýmsu sóttvarnabrot, sem í mjög mörgum tilvikum reyndust alls engin brot. Helst vildi maður losna við að búa í þjóðfélagi þar sem svona hlutir eru tíðkaðir.

Á dögunum birtust í sjónvarpsfréttum RÚV viðtöl við nokkra vegfarendur sem hneyksluðust ógurlega á því að nokkrir einstaklingar hefðu verið óánægðir með að vera skyldaðir á sóttvarnahótel og vildu fá að vera í sóttkvi heima hjá sér. Þessa sjálfsögðu kröfu um að fá að vera í heimasóttkvi flokkuðu vegfarendur sem frekju og forrættindablindu. Reiðiraddir hafa síðan heyrst segja að fólk geti ekki kvartað yfir því að vera sett á hótél í stað þess að vera heima hjá sér í sóttkvi, það eigi þetta bara skilið enda hafi það alls ekki átt að vera að ferðast til útlanda.


Dómharka eins og þessi er ekki geðsleg. Engin tilraun er gerð til að setja sig í spor annarra. Á COVID-tímum ferðast fólk af ýmsum ástæðum, til dæmis vegna vinnu, veikinda eða dauða ættingja. Sumir kjósa síðan að fara í fri til útlanda, með öllum þeim erfiðu og þreytandi kvöðum sem því fylgja. Engin ástæða er til að hella sér yfir það fólk með svivirðingum, stimpla það sem óvini og gera sjálfkrafa ráð fyrir að það sé staðráðið í að fara ekki eftir sóttvarnareglum.

COVID mun líða hjá og lífið nokkurn veginn komast í fyrri horf. Mótlati getur laðað fram það besta í fólki, en einnig það versta – eins og COVID sýnir.



Helst vildi maður losna við að búa í þjóðfélagi þar sem svona hlutir eru tíðkaðir.

Halldór



Frá degi til dags

1984

Enski rithöfundurinn George Orwell er ítrekað kallaður til vitnis þegar ríkisvaldið þykir gerast of frekt til fjörsins í daglegu lífi eða ójöfnuður er skoðaður úr hæfilegri fjarlægð frá svinastíu félaga Napóleons. Í flámu falsfrétta og upplýsinga-öreidunni er tungumálið helsta sjónhverfingataekið og misnotað með tilheyrandi hugtakaruglingi og merkingarbrenslun. Áminningar um tungumálið Newspeak sem Orwell skóp valdhöfum í skáldsögunni 1984 eru því ekki alveg út í bláinn þegar pólitíkin byrjar að hræra í orðabókinni til þess að ná tökum á umræðunni.

Gjald en ekki gjöf

Dæmin eru ótal mörg en fá jafn gegnsæ og „ferðagjöfin“ sem ríkisstjórnin splæsti af meintum höfðingsskap á landsmenn í fyrri sumari og er aftur komin í umræðuna. Staerðfræðingurinn Einar Steingrímsson fær 5.000 króna ferðastyrk til hamborgarakaupa ekki til þess að ganga upp sem gjöf og er meðal þeirra sem vekja athygli á merkingarbrenslunni: „Nei, ekki gjöf frá stjórnvöldum. Stjórnvöld skikk-uðu almenning til að styrkja ferðapjónustuna, með eigin fé,“ skrifar hann á Facebook og snuprar fjölmiðla í leiðinni fyrir að útvarpa „svona (lyga)áróðri“ frekar en að leiðrétta newspeak-ið. toti@frettabladid.is

Arðsemi hamingjunnar á landsbyggðinni



Margrét Jónsdóttir Njarðvík
rektor Háskólans á Bifröst

Hvernig væri lífið ef það skipti engu máli hvaðan þú ynnir – aðalatriðið væri að skila þínu? Myndir þú búa annars staðar? Hvað ef allt væri leyfilegt og þú værir ekki bundin/n vinnustað?

Óhætt er að fullyrða að störf án staðsetningar urðu að raunveruleika 70% landsmanna í COVID. Ýmist finnst okkur dásamlegt að þurfa ekki að ferðast til og frá vinnu, geta jafnvel blandað því saman að vinna sum verkefni á vinnustað og önnur heima eða þá að taka út fyrir að geta ekki aðskilið vinnu og heimilislíf. Hið góða við þetta allt saman er að nú höfum við val. COVID hefur sýnt og sannað að framleiðni flestra er ekki síðri og algerlega óhætt að stokka spilin að nýju.

Félag kvenna í atvinnulífinu stendur fyrir ráðstefnu á Bifröst á laugardaginn kemur. Ráðstefnan verður send út á Zoom og er hlekkinn að finna á heimasíðu FKA. Fyrirlesarar eiga það allir sam-eiginlegt að blómstra við þósetu á landsbyggðinni og sjá tækifærin sem COVID hefur fært okkur. Landsbyggðadeildir FKA standa að ráðstefnunni og eru allir velkomnir. Erindin eru hvert öðru meira spennandi. Þar er meðal annars sagt frá því hvernig Húsafell var þróað yfir í að vera ferðamannastaður í hæsta gæðaflokki, við heyrum sögu konu sem var alin upp í Reykjavík, fór í háskóla í Danmörku en býr nú á Hegrnesi og selur fæðubótarefni sem hún býr til um allan heim. Þá verður fjallað um fyrirtækið Ritari á Akranesi sem svarar í síma fyrir allt landið. Við kynnumst hugmyndum um markaðssetningu landshluta, menntun á landsbyggðinni, fyrirtækjunum Ölverki fyrir sunnan og Eimi fyrir norðan, tímaritinu Sumarhúsið og garðurinn sem er gefið út í Hveragerði. Vitaskuld mun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, opna ráðstefnuna auk þess sem Sigrún Davíðsdóttir fréttaritari RÚV í London segir frá náðinni í fjarlægðinni.



Hvað ef allt væri leyfilegt og þú værir ekki bundin/n vinnustað?

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

AF KÖGUNARHÓLI

Í boði Sjálfstæðisflokksins



Þorsteinn Pálsson

Sjórnsýsla í molum í heilbrigðisráðuneyti. Þetta er fyrrisögn á fréttaskýringu í Morgunblaðinu síðastliðinn mánudag. Þar er fjallað um ógöngur heilbrigðisráðherra vegna útgáfu reglugerðar um vistun ferðalanga í sóttvarnahúsi.

Í fyrstu ætlaði ráðuneytið að halda gögnum um undirbúning málsins leyndum. Það er athyglisvert vegna þess að samstaða fólksins í landinu hefur byggst á prinsippinu um að hafa allar staðreyndir uppi á borðum.

Velferðarnefnd Alþingis og fjölmiðlar þvinguðu ráðherra til að birta gögnin. Trúlega hefur það komið í veg fyrir að traust almennings hryndi.

„Eitthvað hræðilegt að“

Allir ráðherrarnir féllust á upphaflegu reglugerðina, sem var í samræmi við tillögur sóttvarnalæknis. Það var skynsamleg ákvörðun. En hún leysti heilbrigðisráðherra ekki undan þeirri skyldu að kanna hvort lagaheimild væri til útgáfu hennar.

Fréttaskýring Morgunblaðsins leiðir í ljós að engin athugun af því tagi átti sér stað. Blaðið dregur ályktun af þeirri vanrækslu með því að segja: „þá er eitthvað hræðilegt að.“

Að stærstum hluta skrifast þessi „hræðilega“ staða á reikning heilbrigðisráðherra. En hér þarf líka að hafa í huga aðrar pólitískar aðstæður.

Hluti þingmanna Sjálfstæðisflokksins fylgir í ræðu og riti allt annarri hugmyndafræði um sóttvarnir en ríkisstjórnin.

Óvissa um meirihluta í eigin röðum

Ráðherra hefur sakað Alþingi um að bera ábyrgð á klúðrinu með því að afgreiða endurskoðun sóttvarnalaga á annan veg en hún hefði kosið. Það kom að visu ekki fram við afgreiðslu málsins.

En kjarni málsins er sá að ráðherra, sem styðst við raunverulegan þingmeirihluta, þarf ekki að sætta sig við breytingar gegn vilja sínum í meðferð mála á Alþingi. Þegar ráðherra þvær hendur sínar af eigin löggjöf bendir það ótvírátt til að meirihlutinn sé ekki öruggur.

Rétt viðbrögð við niðurstöðu héraðsdóms hefðu verið að fara þegar í stað fram með nauðsynlega lagabreytingu svo að unnt væri að framkvæma þá pólitísku stefnu, sem ráðherrarnir voru búnir að komast að niðurstöðu um að fylgja ætti.

Tvíhyggjan í Sjálfstæðisflokknum

Flest bendir til að tvíhyggjan í Sjálfstæðisflokknum hafi valdið því að ráðherra treysti sér ekki til að fara þessa leið. Hluti þingmanna flokksins styður setu ráðherra, en er andvígur því sem hún gerir.

Af þessu leiðir að svigrúm ráðherra til athafna er meira utan þings en innan.

Sjálfstæðisflokkurinn er með andstæðar skoðanir í mörgum helstu málum. Það á við um aðildina að EES, þriðja orkupakkann og borgarlínu, mestu samgönguframkvæmd í sögunni.

Þegar burðarás stjórnarsamstarfsins er að auki sundraður í sóttvarnaaðgerðum hefur það raunverulegar afleiðingar. Þær eru örlagaríkasta viðfangsefnið, sem upp hefur komið á þessari öld.

Fleiri alvarlegar brotalamir Mörg fleiri dæmi eru um alvarlegar brotalamir í stjórnsýslu heilbrigðisráðuneytisins.

Þannig beitti ráðherra lækna Landspítalans hótunum á fundi læknaáráðs til að stöðva upplýsingar til almennings um biðlista, lokanir deilda, neyðarástand á bráðamóttöku og önnur vandræði á spítalanum skömmu áður en faraldurinn skall á og breytti öllu.

Ráðherra hefur tafið skimanir fyrir ristilkrabbameini í tæp fjögur ár og klúðrað flutningi á skimunum fyrir legháls- og brjóstakrabbameinum.

Nú eru að hefjast uppsagnir á hjúkrunarheimilum með umtalsverðum niðurskurði á þjónustu. Það er annað hvort dæmi um „stjórnsýslu í molum“ eða pólitíska misbeitingu til að knýja fram hugmyndafræðilegar skipulagsbreytingar.

Stuðningur við „stjórnsýslu í molum“

Í fréttaskýringu Morgunblaðsins segir að ráðherra í núverandi stjórn hafi sagt af sér af minna



Þegar burðarás stjórnarsamstarfsins er að auki sundraður í sóttvarnaaðgerðum hefur það raunverulegar afleiðingar.

tilefni. Þessu er þó ekki alveg hægt að jafna saman. Þáverandi dómarmálaráðherra sniðgekk aðvörun sérfræðinga í ráðuneytinu og leyndi henni fyrir Alþingi. Heilbrigðisráðherra fékk ekki álit og kallaði ekki eftir því.

Í ljósi þess að reglugerðarklúðrið skýrist að hluta til að minnsta kosti af þeim pólitísku aðstæðum að stærsti stjórnarflokkurinn er tvístraður í þessu stóra máli, eins og mörgum öðrum, er eðlilegt að fleiri axli pólitíska ábyrgð en einn ráðherra.

Heilbrigðisráðherra situr í boði Sjálfstæðisflokksins. Hann leggur til flest atkvæði á Alþingi í stuðningi við „stjórnsýslu í molum.“

Netapótek Lyfjavers

Frí heimsending um land allt!*



Afhendum samdægurs

á höfuðborgarsvæðinu
mán–lau ef pantað
er fyrir kl. 13:00.

Í Netapóteki Lyfjavers getur þú fundið þína lyfseðla, valið samheitalyf og séð lyfjaverðið þitt.

Nýttu þér lágt lyfja- og vöruverð á lyfjaver.is

*Frí heimsending ef pantaðir eru tveir lyfseðlar eða verslað er fyrir meira en 9.900 krónur.

LYFJAVER

lyfjaver.is
Suðurlandsbraut 22

Merkisatburðir

1955 Fyrsti McDonald's-veitingastaðurinn í heiminum er opnaður í Des Plaines í Illinois, Bandaríkjunum.

1967 Um 250 þúsund Bandaríkjamenn mótmæla Vietnamsstríðinu í New York í Bandaríkjunum.



1977 Jón L. Árnason verður Íslandsmeistari í skák, aðeins sextán ára gamall.

1981 Fyrsta Coca Cola-verksmiðjan í Kína gangsett.

1983 Disneyland er opnað í Tókýó.

1984 Dagur æskunnar er haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn í Róm á Ítalíu.

1985 Banni við giftingum fólks af ólíkum kynþætti er aflétt í Suður-Afríku.

1990 Eldur kemur upp í ammoníakstanki Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi og hættuástand skapast, en hann er fljótlega slökktur.

1991 Evrópubandalagið afléttir viðskiptabanni sínu á Suður-Afríku.

2010 Kraftlyftingasamband Íslands er stofnað.



Hér eru höfundur laganna, Eggert Thorberg Kjartansson og ástin í lífi hans, Hólmfríður Gísladóttir, á milli tveggja af fimm börnum sínum, þeim Snorra Péturs, en hann orti flesta textana, og Lilju sem útsetti lögin sem eru á disknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Löngu týnd lög lifna við

Í kvöld er allt svo undarlega hljött, nefnist væntanlegur diskur með lögum frá miðri síðustu öld. Nótarnar týndust en 70 árum seinna söng höfundur lögin fyrir dóttur sína.

Þetta eru lög frá þeim tíma sem fólk sveif um í gömlu dönsunum. Þau voru send inn í danslagakeppni SKT (Skemmtiklúbbs templara) árið 1953 á nótum sem komu ekki til baka," segir Lilja Eggertsdóttir tónlistarkennari. Hún er potturinn og pannan bak við nýjan disk sem er í smíðum, sá er með fjórum lögum eftir föður hennar, Breiðfirðinginn Eggert Thorberg Kjartansson. „Pabbi söng lögin fyrir mig og ég tók þau upp á símann fyrir tveimur árum, útsetti þau og ákvað að búa til plötu. Bróðir minn, Snorri Pétur, samdi texta við þrjú þeirra en pabbi orti sjálfur textann Í kvöld til mömmu, Hólmfríðar Gísladóttur, þegar þau voru ung.“



Kristín Sigurðardóttir, Lilja Eggertsdóttir og Særún Rúnadóttir, sem skipa trióíð Skel, syngja lögin. MYND/ADSEND

smástelpa. Kjartan útsetti það fyrir kór. Það lag samdi pabbi til mömmu á sínum tíma og við höfum sungið það raddað á stórum stundum í lífi þeirra, þannig að það er þekkt innan fjölskyldunnar.“

Langeyjarþema

Lilja fræðir mig um að Eggert, faðir hennar, sé fæddur og uppalinn í Fremri-Langey á Breiðafirði. „Pabbi var æðarbóndi og hefur farið á hverju einasta ári vestur að sinna varpinu. Við höfum líka verið þar mikið systkinin, sérstaklega Snorri bróðir, hann er mikið Langeyjarbarn – þeir eru það nú reyndar



Pabbi söng lögin fyrir mig og ég tók þau upp á símann fyrir tveimur árum, útsetti þau og ákvað að búa til plötu.

allir bræðurnir, Gísli Karel, Eggert og Kjartan. Mamma var í húsmæðraskólunum á Stadarfelli á sínum tíma þannig að þau kynntust fyrir vestan.“

Eitt lagið á disknum heitir Langeyjarumba, Lilja kveðst hafa skrifað það lag líka í swingútgáfu og faðir hennar hafi verið ánægður með það. „Heyrðu, þetta er jafnvel enn betra,“ sagði hann, enda er hann gullaldar-djass maður. Hann er múrari sem hefur alltaf haft gaman af tónlist, spilaði aðeins á gítar og var í kór múrara. Foreldrar mínir settu okkur systkinin öll í tónlistarnám, við erum fimm og tvö okkar stórfum sem tónlistarkennarar.“

Í kvöld er allt svo undarlega hljött – lögin sem glötuðust, voru tekin upp í Stúdíó Sýrlandi og Hljóðrita í mars 2021. Hægt er að leggja verkefninu lið á Karolina Fund. gun@frettabladid.is



Elskuleg dóttir mín, systir okkar, stjúpsystir og mágkona,
Hallveig Fróðadóttir

lést á líknardeild
Landspítalans 13. apríl sl.

Fyrir hönd aðstandenda,

Hólmfríður Kofoed-Hansen
Ragna Fróðadóttir og fjölskylda
Björn Fróðason
Hólmfríður Fróðadóttir
Ingólfur Þorsteinsson
Hanna Valdís Þorsteinsdóttir
Lovisa V. Bryngeirsdóttir
Þorbjörg Kristinsdóttir
Sheer El-Showk



Okkar heitelskaða eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,
Sjöfn Aðalbjörg Aðalsteinsdóttir

Fannafold 85,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
mánudaginn 12. apríl. Að ósk hinnar
látnu fer útförin fram í kyrrþey.

Steinar Hilmarsson

Freyr Vilhjálmsson
Geir Vilhjálmsson
Gunnlaugur Steinarsson
Hilma Steinarsdóttir
Þórhalla Kolbrún Steinarsdóttir
Hafný Hafsteinsdóttir
Gunnþórunn Steinarsdóttir
Rúnar Konráðsson
Magnús Örn Friðriksson
og barnabörn.



Elskulegi maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Trausti Ó. Lárusson
fv. framkvæmdastjóri,

lést á Líknardeild Landspítalans
12. apríl. Í ljósi Covid verður tilhögun
jarðarfarar auglýst síðar.

Hanna M. Kjeld

Auður Traustadóttir
Anna Kristín Traustadóttir
Sigrún Traustadóttir
Elín Ósk Guðmundsdóttir
Trausti Guðmundsson
Svava Dis Guðmundsdóttir
Bjarni Guðmundsson
Guðmundur Á. Tryggvason
Ómar Bendtsen
Ása Bergsdóttir Sandholt
Friðjón Ástmundsson
Vaka Dagsdóttir
og langafabörn.



Elskulegur eiginmaður minn og besti vinur, tengdafaðir, afi og langafi,
Einar Sigurður Björnsson
húsasmíðameistari,
frá Siglunesi,

lést á Hrafnistu Boðþingi
föstudaginn 9. apríl í faðmi ástvina.
Útförin fer fram frá Lindakirkju miðvikudaginn 21. apríl
kl. 13.00. Athöfninni verður streymt á Lindakirkja.is/
utfarir. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu
minnast hans er bent á Hjartavernd.

Jóhanna Ragnarsdóttir

Kristinn Jónsson
Rut Ragnarsdóttir
Rakel Ragnarsdóttir
Gígja S. Kristinsdóttir
Hanna B. Kristinsdóttir
Einar I. Kristinsson
Jóhann Sigurjónsson
Hilmar B. Þráinsson
Jóhann Ó. Sveinsson
Brynjar F. Valsteinsson
Desiree A. Arteaga
langafabörn.



Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
Anna Baldvinsdóttir
Lambastöðum,

lést á hjúkrunarheimilinu Brákarhlíð
Borgarnesi 8. apríl. Útför hennar mun
fara fram í Álftaneskirkju laugardaginn
17. apríl klukkan 14. Vegna fjöldatakmarkana verða
eingöngu nánustu aðstandendur og vinir viðstaddir
útförina en athöfninni verður streymt á kvikborg.is.

Skúli Jónsson

Jóhanna Skúladóttir
Baldvin Skúlason
Guðmundur Skúlason
Óskar Skúlason
Ásta Skúladóttir
Hjalti Skúlason
Baldur Jónsson
Valgerður Árnadóttir
Þóra Olsen
Sigurður Óli Ólason
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 15. apríl 2021



TARAMAR
Tax Free á
www.taramar.is
kóði = taxfree
20% af öllum vörum



Tónlistarkonan Karitas Harpa hefur nú þegar átt viðburðaríkt ár en hún eignaðist sitt þriðja barn og gaf út sína fyrstu plötu í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslensk gæðahráefni
fyrir þig



EYLÍF
Happier
GUTS
PURE Icelandic
NATURAL ingredients
Supports digestion
and overall vitality
100 capsules
45 days supply
FOOD SUPPLEMENT
HEALTH • DIGESTION • HEALTH

EYLÍF
Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

TARAMAR

20% afsláttur



TARAMAR
EYE TREATMENT
OIL RESISTANT
FORMULA

Tax Free á
www.taramar.is
Kóði = taxfree

Ég á alltof mikið af naglalökkum

Karitas Harpa Davíðsdóttir er umfram allt drifin áfram af tilfinningum og þægindum hvað fataval snertir. Hún er veik fyrir yfirhöfnum og naglalökkum og grunaði að hún hefði fæðst á röngum tíma þegar hún lifði sig inn í rokksöngleikinn Grease á sínum yngri árum. **2**



Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Karitas Harpa lýsir fatastíl sínum sem blöndu af boho og vintage með 80's-modern ívafi. FRÉTTA-
BLAÐIÐ/ANTON

„Ég er nýorðin þrítug, þriggja barna móðir. Ég gaf líka út mína fyrstu plötu og uppfyllti alla þessa áfanga um miðjan janúar síðastliðinn. Dagarnir mínir undanfarið snúa því að mestu að fjölskyldunni. En ég er tónlistarkona og starfa við það á milli þess sem ég sinni móðurhlutverkinu.“

Karitas greinir frá því að hún hafi þurft að finna nýjar leiðir til þess að fá útrás fyrir sköpunarkraftinn í kjölfar COVID. „Eins og hjá mörgu tónlistarfólki hefur verið minna að gera í því að koma fram undanfarið árið svo ég hef verið að svara sköpunarþörf minni í öðrum verkefnum eins og að sauma, föndra og þess háttar,“ segir hún.

„Nú nýverið kom síðan út barnaplatan Út í geim og aftur heim, þar sem ég talaði og söng

fyrir Geimgerði, það var ótrúlega skemmtilegt að fást við það og ég hlakka mikið til að geta farið að sinna vonandi meira framkomu og tónlistartengdum verkefnum.“

Hefurðu áhuga á tisku?

„Já, eða sko, ég er ekki kannski þessi steriótýpíska áhugamanneskja um tisku sem er áskrifandi að helstu tiskublöðunum og mætir samvisskusamlega á tiskuvikur en ég hef mjög gaman af tisku og þá sérstaklega sem tjáningarformi.“

Karitas segir tiskuá hugann hafa kviknað snemma á lífsleiðinni.

„Ég var mjög ung þegar ég þældi í því hvaða flíkur „pössuðu saman“ og hverjar ekki. Ætli ég muni ekki fyrst eftir því að veita tisku sérstaklega eftirtekt við það að fletta í gegnum Séd og heyrt að skoða Hollywood-stjörnurnar á rauða dreglinum sem barn. Þar voru oft

Karitas Harpa er hrifin af litríkum fötum en klæðist þó oftast jarðlitum. FRÉTTA-
BLAÐIÐ/ANTON



síður þar sem verið var að velta því fyrir sér hvaða kjólar væru „hot“ og hverjir væru „not“. Ég gat skoðað þessar fallegu múnderingar í bak og fyrir og þældi mikið í því hvort ég væri sammála þeim sem létu blaðið prenta.“

Þá hafi kvikmyndir enn fremur haft áhrif á tiskuvitund og dagdrauma hennar.

„Ég man líka eftir því, sem barn, að þæla mikið í fötum í bíómyndum. Grease varð auðvitað uppáhalds snemma og ég lét mig dreyma oft um að vera hluti af T-Birds genginu og að ég hefði „fæðst á vitlausum tíma““

Karitas rifjar upp tilfinningarnar sem fylgdu því þegar hún fékk gefins föt á sínum yngri árum. „Ég ólst ekki upp við mikil efni og klæddist sjálf því sem var til hverju sinni og fannst á góðu verði á útsölum. Mér fannst ég alltaf detta þvílíkt í lukkupottinn þegar ég fékk svartan poka af fötum frá eldri frænkum eða vinkonum og gat eytt tímunum saman í að skoða, máta og þúsla saman flíkunum í lúkk.“

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?

„Ég myndi lýsa honum sem blöndu af boho og vintage með 80's-modern ívafi. Einfalt, ekki satt?“ segir Karitas og skellir upp úr.

„En ég elska, elska, einstakar flíkur, eitthvað sem ég finn í second hand/vintage búðum. Ég er mikið fyrir denímefni, buxur, jakka, smekkbuxur, samfestinga

og svo framvegis, mittisháar buxur eða pils, fallega vintage kjóla og handgerðar flíkur. Ég hef rosalega gaman af því að blanda tiskutrendum saman við og eftir því hvernig mér líður. Ég er rosalega drifin af tilfinningum og þægindum, mér finnst litagleði sérstaklega skemmtileg en er mest í þessum jarðlitatönnum sjálf, finn mig vel í þeim.“

Hver er uppáhaldsflíkin þín?

„Uppáhaldsflíkin mín er eða var eldraður flowy samfestingur með litaskellum á, eiginlega soldið eins og abstrakt málverk, með djúpu vaffhálsmáli sem ég fann í Gyllta kettinum fyrir nokkrum árum. Ég er bara nýhætt að geta notað hann, einfaldlega vegna þess að hann er orðinn of notaður, en draumurinn er að láta sníða nýjan eftir honum.“

Hvaðan færðu innblástur?

„Ég fæ mikinn innblástur frá hinu ýmsa skapandi fólki. Kærastinn minn veitir mér innblástur með myndlist sinni og drifkrafti og eins vinkona mín, fatahönnuðirinn og þrjónakonan Fanney Svansdóttir. með sköpun sinni. Ef ég er sérstaklega að leitast eftir innblæstri fer ég á Pinterest, ég alveg elska að vafra um á Pinterest.“

Áttu þeir einhverjar tiskufyrirmyndir?

„Bara, einstaklinga sem eru svo innilega og frjálslega þeir sjálfir. Einstaklingar eins og Bowie, Ragga Gísli, Björk, sem hafa tjáð sig svo sterkt með tisku eru mér miklar fyrirmyndir.“

Hvar kaupir þú helst föt?

„Ég kaupir langmest í Gyllta kettinum og Wasteland.“

Eyðirðu miklu í föt?

„Ég myndi ekki segja það, nei. En ég skil svo vel að fólk geri það! Ég hugsa mig alveg alltof óþarflega vandlega um áður en ég eyði pening en ég vil vera viss um að ég muni nota það. Ég elska samt að vera fin en hef verið að reyna að venja mig á að fá kannski lánað fyrir einstaka viðburði eða kaupa notað. Reyni að kaupa ekki mikið nýtt; endurnýta, endurvinnu og minnka magn.“

Hver er þinn helsti veikleiki þegar kemur að tisku og útliti?

„Yfirhafnir, ekki spurning. Ég gæti keypt nýja yfirhöfn daglega ef ég stæði ekki á bremsunni. Ég elska fallegar kápur, jakka, úlpur – leður, galla, ull, bara elska allt við þær. Ég er einnig með veikleika fyrir naglalökkum, ég á alltof mikið af naglalökkum.“

Notar þú fylgihluti og skart?

„Ég elska fallega og stóra statement eyrnalokka og síðan trefla, öðru er ég gjörn á að týna.“

Áttu þér eitthvert mottó þegar kemur að tisku og klæðaburði?

„Ef mér líður ekki vel í því, sleppa því. Fyrir mig skiptir það ekki mestu máli hve flottur maður er í flík, ef manni líður ekki vel í henni, þá vil ég síður eyða peningum, orku og tilfinningu í hana. Það er ég sem þarf að klæðast þessu, er ekki að gera neinum nema sjálfri mér óleik ef ég er í einhverju óþægilegu.“

NÝ SENDING

ETERNA

Tiskan

BRAX B|A|S|L|E|R

Skípholti 21 | Sími 551 0770



20
%

VIÐ FÖGNUM
4 ÁRA AFMÆLI!

20% AFSLÁTTUR
AF FLESTUM
VÖRUMERKJUM
15.-18. APRÍL

 DIMM



Ávallt haft áhuga á listsköpun

Ásthildur Gunnlaugsdóttir förðunarfræðingur hefur ástríðu fyrir starfi sínu. Hún er innblásin af krafti til að gera meira og betur og hefur nú sett á markað sína fyrstu hreinsilínu fyrir förðunarbusta.

Segðu okkur frá ferli þínum og ástríðu þegar kemur að förðun. Hvað varð til þess að þú fórst að læra förðun?

„Ég hef alltaf haft áhuga á listsköpun og þá sérstaklega myndlist. Þegar ég var í menntaskóla fann ég svo ástríðuna fyrir förðun þegar ég tók að mér að sjá um förðun fyrir leiksyningu skólans það árið. Ég fann strax að þarna hafði ég fundið vettvang til að tjá mína listrænu sköpun og gefa henni líf,“ segir Ásthildur sem skræði sig til náms í alþjóðlega förðunarskólanum Makeup Designory strax eftir framhaldsskóla.

Lykilatriði að draga fram náttúrulega fegurð

Hvað finnst þér skipta máli þegar kemur að því að farða einstaklinga?

„Það er alltaf algjört lykilatriði fyrir mig þegar ég farða aðra að ná að draga fram þeirra náttúrulegu fegurð.“

Hvert er lykilatriðið til að draga það besta fram í hverjum og einum, ná persónuleika hvers og eins?

„Hjá mér snýst það um jafnvægi og ég passa vel að bæta ekki neinu við nema ástæða sé til. Á sama tíma gæti ég þess að setja aldrei of mikinn farða á kunnana mína, nema þeir biði sérstaklega um það.“

Hreinir förðunarbustar ná bestri áferð

Hver er leyndardómurinn að baki umhírðu húðarinnar, til að halda ljóma hennar og tryggja að húðin þorni ekki eftir förðun?

„Ég tel nauðsynlegt að grunna húðina með góðu kremi og svo er algjört lykilatriði að nota hreina



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@
torg.is


Ásthildur hefur ávallt hugsað vel um förðunarbustana sína og hefur nú þróað nýja hreinsilínu fyrir þá sem vakið hefur verðskuldaða athygli. MYND AF ÁSTHILDI/ALÍNA VILHJÁLMSDÓTTIR. VÖRUMYNDIR/ÍNA MARÍA EINARS-DÓTTIR

förðunarbusta til að ná sem bestri áferð. Þá er líka mikilvægt að þrifa húðina vel en varlega fyrir svefninn.“

Ný hreinsilína Ásthildar

Nú ert þú að koma með nýjar vörur inn á snyrtivörumarkaðinn, segðu okkur frá þeim og þróuninni.

„Vörurnar eru þrenns konar, það er Deep Clean sem djúphreinsar förðunarbusta, Daily



Mist & Co er sprejjað á burstahárin og hann nuddaður með hreinsinum.



Stúdíó Morgundögg skapaði fagurt útlit og vörumerki Mist & Co.



Með notkun Makeup Removing Towel og Mist & Co hreinsinum verður förðunarbustinn eins og nýr.



Förðunarbustar sem hreinsaðir eru með Mist & Co tryggja lýtalausa förðun og fallega, hreina húð.

sem er aðeins mýkri og hugsadur til að hreinsa förðunarbusta eftir hverja notkun og svo Mist & Co Removing Towel sem er fjölnota hreinsiklútur,“ upplýsir Ásthildur en hugmynd að vörunum fékk hún í vinnu sinni sem förðunarfræðingur.

„Ég hef verið sjálfstætt starfandi förðunarfræðingur í rúm fimm ár, aðallega fyrir sjónvarp, en líka íslensk og erlend brúðkaup, og í starfinu hef ég alltaf notað samþærilega formúlu og Mist & Co.“

Ásthildur hefur fyrir reglu að hreinsa förðunarbustana vel eftir hverja förðun og leggur mikið upp úr því að vanda til verka varðandi efnisval við hreinsunina.

„Ég hef í raun notað vörurnar sjálf í mörg ár áður en ég ákvað að setja þær á markað. Þá hef ég, eins og aðrir förðunarfræðingar, þurft að þrifa förðunarbustana mína eftir hverja einustu förðun. Það skiptir máli að efnid sem notað er til þrífanna hreinsi virkilega vel og skilji burstana ekki eftir blautu, sem er akkúrat það sem Mist & Co vörurnar gera.“

“Ég fór strax á fullt í að fullkomna formúluna og prófaði 80 mismunandi formúlur áður en ég fann þá réttu. Ég vanda líka val á hráefnum vel og nota eingöngu vegan efni og ofnæmisprófuð.“

Fullkomnað eftir 80 formúluprófanir

Eftir prófun á 80 mismunandi formúlum varð vörumerkið Mist & Co loks fullkomnað.

Fjöldi fyrirspurna hafði líka áhrif á að Ásthildur lét slag standa og ýtti enn frekar við henni að taka næsta skref.

„Það spurðu mig margir út í hvað það væri sem ég sprejjaði á burstana til að þrifa þá og þá datt mér í hug að þetta myndi örugglega auðvelda öllum sem nota förðunarbusta að halda burstunum

sínum, og þar af leiðandi húð sinni, hreinni.“

Það tók tíma að finna réttu formúluna og þurfti Ásthildur að þróa vöruna til ná því fram sem hún vildi fá.

„Ég fór strax á fullt í að fullkomna formúluna og prófaði 80 mismunandi formúlur áður en ég fann þá réttu. Ég vandaði valið á hráefnunum vel og passaði að nota eingöngu efni sem eru vegan og ofnæmisprófuð. Þegar formúlan var klár fékk ég til liðs við mig æðislegan vöruhönnuð frá Stúdíó Morgundögg og úr varð vörumerkið Mist & Co.“

Gaman er að geta þess að hægt er að kaupa Mist & Co vörumerkið í snyrtivörudeild Hagkaupa og í vefversluninni mistandco.is, en Mist & Co er væntanlegt í fleiri búðir.

Hægt er að fylgjast með Ásthildi í förðunarverkefnum hennar á heimasíðunni asthildurmakeup-artist.com og á Instagramsíðunum @asthildurmakeupartist og @mist.and.co



20.995 kr.



20.995 kr.



19.995 kr.



16.995 kr.

SKÓHÖLLIN

Finði

Fjarðargötu 13-15 • 220 Hafnarfirði • Sími 555 4420
<https://www.facebook.com/skohollin>



Frandsen Léttur sumarjakki
Fæst líka í bláu
Stærðir 40-54
Verð kr. 32.980



Frandsen létt dúnúlpa
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-54
Verð kr. 23.980



Q'neel langermakjól með vösum
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-56
Verð kr. 23.980



Sunday kvartermabolur
Fæst í fleiri litum
Verð kr. 9.980



Jana strigaskór með rennilás
Stærðir 37-42
Verð kr. 12.990



Jana strigaskór með rennilás
Stærðir 37-42
Verð kr. 12.990



Robell Nena 09 strechbuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 36-54
Verð kr. 11.980



Robell Nena 09 gallabuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 36-52
Verð kr. 19.980



Robell Marie gallabuxur
Stærðir 36-52
Verð kr. 13.980



Robell Bella 09 strechbuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 36-56
Verð kr. 7.980



Jana lágbotna leðurskór
Stærðir 37-42
Verð kr. 17.990



Jana strigaskór með rennilás
Stærðir 37-42
Verð kr. 12.990



Studio Christine blússa
Stærðir 40-56
Verð kr. 9.980



Studio Emilie síð skyrtu
Stærðir 40-56
Verð kr. 15.980



Studio Elna tunika
Stærðir 40-56
Verð kr. 14.980



Zhenzi Erie mynstruð tunika
Fæst líka í bleiku og brúnu
Stærðir 42-56
Verð kr. 7.990



Jana leðurskór með bandi yfir rist
Stærðir 37-42
Verð kr. 15.990



Tamaris inniskór
Fást í fleiri litum
Stærðir 36-42
Verð kr. 9.990

Stóru merkin stofna hlaðvörp

Mörg af stærstu og þekktustu tiskuvörumerkjunum hafa nýlega byrjað útgáfu á sínum eigin hlaðvarpsþáttum. Lúxustiskuheimurinn hefur verið seinn að taka hlaðvörp í sátt en það virðast hafa orðið vatnaskil.

oddurfreyr@frettabladid.is

Ýmis lúxusvörumerki eru loksins komin með sinn eigin hlaðvarpsþátt. Hlaðvarpsþættir hafa notið mikilla vinsælda um árabil og tiskumiðlar eins og GQ og Business of Fashion hafa verið með hlaðvarpsþætti árum saman, en það er ekki fyrr en nýlega sem tiskumerkin sjálf tóku þennan miðil í sátt, samkvæmt umfjöllun GQ. Lúxusmerkin Balmain, Dior, Versace og Chanel, ásamt fleirum, eru nú öll byrjuð með sína eigin hlaðvarpsþætti.

Á síðustu árum hefur markaðssetning lúxusvörumerkja breyst töluvert og í dag eru þau öflug í framleiðslu á ýmiss konar efni til að kynna sig á hinum ýmsu stafrænu vettvöngum. Hlaðvarp virkar því eins og rökrétt skref í framhaldinu. Hlaðvörp eru tiltölulega einföld í framleiðslu miðað við margt annað, en flest vörumerkin er reyndar að gefa út hlaðvarpsþætti sem eru mjög vandaðir.

Ólík umfjöllunarefni

Hönnunarstjóri Maison Margiela, John Galliano, hefur verið brautryðjandi á þessu sviði og hefur árum saman gefið út hlaðvarpsþátt í hvert sinn sem merkið kynnir nýtt



Tiskuvitar geta nú hlustað á hlaðvarpsþætti frá mörgum af fremstu lúxustiskumerkjum heims. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

vörusafn. Þar fær Galliano tækifæri til að tjá sig eins og hann vill um vörurnar, án ritstjórnar eða afskipta frá fjölmiðlum.

Þessir nýju hlaðvarpsþættir fylgja ekki sama formi og þáttur Gallianos og eru ekki sérlega frjálsglegir, heldur yfirleitt vandlega klipptir til. Umfjöllunarefni þeirra eru svo eins ólík og þættirnir eru margir.

Í þættinum frá Balmain er farið yfir sögu merkisins með ýmsum þekktum gestum á meðan í hlaðvarpsþætti Chanel er áherslan á að tala við leiðandi tiskuvita eins og Pharrell Williams, Tildu Swinton og fleiri.

Versace byrjaði svo nýlega að senda út hlaðvarp sem heitir Medusa Power Talks, en í þáttunum ræða gestir eins og Donatella Versace, Irina Shayk og fleiri um hvernig það er að vera voldug.

Í hlaðvarpsþætti Dior, sem heitir DiorTalks, var fimmta þáttaröðin að hefjast og hún heitir einfaldlega feminismi. Hlaðvarpið hóf göngu sína fyrir rúmu ári og þar hefur mikið verið fjallað um málefni sem snúa að konum og jafnrétti kynjanna. Í hverri þáttaröð er nýr stjórnandi og hann ræðir við ýmsa álitsgjafa úr heimi tisku og lista.

Einlægnina vantar

Hlaðvarp Blondey McCoy, The Blondey Show, er frábrugðið hinum. Þættirnir eru ekki beinlínis helgaðir tiskumerki hans, götumerkinu Thames, heldur snúa þeir meira að Blondey sjálfum. Í fyrsta þættinum, sem kom út í janúar, sagði hann til dæmis frá því að hann hefði árum saman þótt vera sinn eigin aðstoðar- og umboðsmaður í gegnum gervinetfangið lisa@blondeymccoy.com. Þessi „Lisa“ hafði séð um að gera samninga, hafna tilboðum og krefjast hærri launa fyrir hann.

Blondey nýtir formið því til að segja hlustendum frá sér og list sinni á einlægan og hreinskilinn hátt, sem hefur verið kjarninn í mörgum hlaðvarpsþáttum. Hlaðvörp hafa í gegnum tíðina oft verið ólík öðrum miðlum einmitt vegna einlægninnar sem er svo algeng þar og hlaðvarpsþættir þessara merkja hefðu kannski gott af því að tefla fram stóru persónuleikunum sem standa á bak við merkin í auknum mæli. En einlægni er engin forsenda fyrir góðum hlaðvarpsþáttum og nú hefur áhugafólk um tisku loksins hlaðvörp til að hlusta á.

Laugarnar í Reykjavík

LAUGARNAR ERU OPNAR

Velkomin aftur


Sýnum hvert öðru tillitssemi og virðum 2 metra fjarlægðarmörkin

ITR

www.itr.is



Skoðið
laxdal.is



TRAUST Í 80 ÁR

Fylgdu
okkur á
Facebook



Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



Toyota Auris 3/2012 ekinn 150 þús km. Ný skoðaður án athugasemda. Dökk grár sem er vinsælasti liturinn. Fluttur bíll fyrir lágt verð. Verð 740.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör, Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjódum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörspjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR.IS

Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstipvolum, vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800
Tröppuviðgerðir - Húsviðgerðir - Pakmálun - Málningarvinna - o.m.fl.
<https://runarmurari.is>

FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Hreinsa þakrennur, laga ryðbletti á þökum og tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. s:8478704 eða manning@hotmail.com

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjódum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Ukulele á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Ábendingahappinn má finna á
BARNAHEILL.IS



SAFT, ENHÖR, ins, fe

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is
Opíð mán - fös 11-16,
Skipt Holt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND Varahlutir í VOLVO Vinnutæki

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

FYRIR EFTIR

Bílsæta- og vélgerðir, mótörhjóla og snjósléðasæti. Húsbilaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar / gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta. Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is
Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

PARFTU AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

